

Nd.

541. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 34, 16. nóv. 1907 um skipun læknishéraða o. fl.

Eins og það var samþykkt við 3. umræðu í Ed.

Strandalæknishéraði skal skift í þessi tvö læknishéruð:

Reykjarfjarðarhérað: Árneshreppur og nyrðri hluti Kaldranesshrepps að Bjarnarnesi. Læknissetur á Reykjarfirði.

Hólmavíkurhérað: Syðri hluti Kaldranesshrepps frá Bjarnar-

**nesi, Hrófbergshreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur.
Læknissetur í Hólmavík.**

**Breyting þessi gengur í gildi, þegar Reykjarfjarðarhérað verður veitt um-
sækjanda.**